

Reykjavík, 7. nóvember 2022

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu, 213. mál

Mannauður, félag mannauðsfólks á Íslandi, fékk sent til umsagnar tillögu til þingsályktunar um fjarvinnustefnu og viljum við byrja á því að fagna því að velferðarnefnd Alþingis sé að setja á dagskrá fjarvinnu og áhrif hennar á samfélagið.

Við tökum undir með nefndinni að ávinningur sé fyrir íslenskt samfélag að ráðherra sé falið að gera úttekt á tækifærum í fjarvinnu og fjarvinnustefnu fyrir vinnumarkaðinn. Telja má jákvætt að tillögur séu unnar með það að markmiði að auka möguleika á fjarvinnu þar sem henni verður komið við og þar sem áhugi er fyrir hendi.

Félagið býður fram krafta sína við áframhaldandi vinnu, enda mikilvægt að sjónarmið mannauðsfólks og fagþekking nýtist við úttekt á tækifærum í fjarvinnu og fjarvinnustefnu.

Nokkrar ástæður eru fyrir því:

- Mannauðsfólk var í lykilhlutverki í viðbrögðum fyrirtækja og stofnanna við heimsfaraldur og sóttvarnaraðgerðir. Þau fólu meðal annars í því að skipuleggja fjarvinnu og leiðbeina starfsfólki og stjórnendum í þeim efnum. Mannauðsfólk hefur því góða innsýn í sjónarmið og þarfir beggja hópa.
- Mannauðsfólk hefur mikla reynslu af mótun fjarvinnustefnu, hefur rekið sig á hvað virkar og virkar ekki í slíkum stefnum.
- Mannauðsfólk þekkir vel hve mikilvægt er að hugsa um áhrif og afleiðingar fjarvinnu í víðu samhengi, enda margir ólíkir þættir sem spila inn í árangursríka stefnu, til dæmis (en ekki bundið við):
 - Þjálfun og verkfæri stjórnenda til að leiða dreifðum teyllum
 - Nauðsyn þess að tæknin styðji en hamli ekki samskiptum og samvinnu
 - Viðmið um nauðsynlega viðveru þegar við á og umgjörð blandaðrar útfærslu fjarvinnu og vinnustað.
 - Aðgerðir til að stemma í stigu við einangrun starfsfólks í fjarveru.
 - Vinnuverndarsjónarmið og viðmið um hve langt vinnuveitandi getur gengið til að tryggja góðan aðbúnað á heimili starfsfólks

Með vinsemd fyrir hönd stjórnar,
Ásdís Eir Símonardóttir,
forseti Mannauðs, félags mannauðsfólks á Íslandi